



Reykjavík, 7. febrúar 2020
VEL2019120042
10.0

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Sósialistaflokks Íslands um menningarkort til öryrkja -R19120141

Á fundi velferðarráðs 5. febrúar sl. var tillaga fulltrúa Sósialistaflokks Íslands um menningarkort til öryrkja tekin fyrir.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi breytingatillögu:

Velferðarráð leggur til að öryrkjar geti fengið menningarkort á sölustuöðum þess gjaldfrjálst framvísi þeir staðfestingu á örorku, svokölluðu Örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins. Öryrkjar fá nú þegar aðgang að söfnum borgarinnar gjaldfrjálst og því er kostnaðaraukinn óverulegur eða einungis útgáfa kortanna. Með þessu viljum við gera það auðveldara fyrir öryrkja að sækja söfn borgarinnar og njóta þeirra menningarverðmæta sem í því felast. Kostnaðurinn sem til fellur er einungis vegna útgáfu korta sem er samkvæmt Menningar og ferðarmálsviði 750 krónur per kort og er Velferðarsviði falið að útfæra fyrrkomulag varðandi það í samvinnu við Menningar og ferðamálasvið. Nú þegar geta öryrkjar með sama hætti fengið sundkort í sundlaugum borgarinnar og bókasafniskort í bókastöfnunum.

Samþykkt.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður að Reykjavíkurborg komi menningarskorti í hendur þeirra borgarbúa sem jafnframt eru öryrkjar þeim að kostnaðarlausu. Það er mikilvægt fyrir þá að hafa kortið til að framvísa á söfnum, á bókasöfnum og annars staðar þar sem kortið gildir án þess að þurfa að framvísa staðfestingu frá TR. Það er mikilvægt að borgaryfirvöld eigi frumkvæði að ná til öryrkja t.d. með auglýsingum, með því að senda skeytti, póst, hringja eða nota tengilið ef þess er kostur

eins og hagsmunasamtök. Um fram allt þarf borgin að eiga frumkvæði að því að finna leiðir til að koma kortinu í þeirra hendur þeim að kostnaðarlausu en bíði ekki eftir að fólk uppgötvi rétt sinn og leiti eftir honum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfallst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 5. febrúar 2020, um tillögu fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands

Lagt fyrir 370. fund velferðarráðs 5. febrúar 2020
VEL 20191200042
RÁ/kg

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands um menningarkort til öryrkja – R19120141

Pann 17. desember 2019 lagði fulltrúi Sósíalistaflokkss Íslands fram í borgarstjórn svohljóðandi tillögu um menningarkort til öryrkja:

Lagt er til að Reykjavíkurborg sendi þeim borgarbúum sem jafnframt eru öryrkjar, menningarkort þeim að kostnaðarlausu. Menningarkortið veitir aðgang að safnhúsum Listasafns Reykjavíkur og safnhúsum og sýningum Borgarsögusafnsins, frítt bókasafniskort og ýmis fríðindi. Frír aðgangur öryrkja að söfnum og sýningum Reykjavíkurborgar er háður framvísun staðfestingar frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Öryrkjar fá hinsvegar ókeypis bókasafniskort á Borgarbókasöfnum gegn framvísun slíkrar staðfestingar. Því er lagt til að Reykjavíkurborg gefi út menningarkort handa öryrkjum, svo að þeir þurfi ekki að framvísa staðfestingu frá TR, þegar þeir sækja söfn borgarinnar. Staðfestingin er einungis þunnur pappírsmiði sem viðkomandi prentar sjálfur út. Þar að auki getur fólk funderið óþægilegt að taka sérstaklega fram að það eigi rétt á niðurfellingu gjalda vegna stöðu sinnar eða veit jafnvel ekki af því. Það er mikilvægt að ýta undir aðgengi að menningarstofnunum borgarinnar óháð félagslegri stöðu og er þetta liður í því. Kostnaðurinn felst í útgáfu korta og sendingarkostnaði en í upphafi árs voru 7.084 einstaklingar með 75% örorkumat í gildi í Reykjavík. Lagt er til að verkefnið hefjist í janúar 2020 og verði fjármagnað af liðnum ófyrirséð. Menningar- og ferðamálasviði ásamt velferðarsviði verði falið að útfæra efni tillögunnar með því að leita til TR.

Greinargerð fylgir tillöggunni.


Umsögn:

Velferðarsvið er jákvætt fyrir útgáfu menningarkorta til öryrkja.

Velferðarsvið telur að besta leiðin væri að einstaklingar sækji um kortin og framvísi staðfestingu á örorku líkt og gert er við útgáfu bókasafniskorta. Kostnaður við útgáfu

menningarkorts er 650 kr. eða um það bil 4.550.000 kr. (650x7000). Póstburðargjöldin yrðu 980.000 kr. á ári (140x7000).

Hin leiðin, að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að útgáfu kortanna án þess að umsókn hafi borist, krefst vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga, Trygginastofnunar ríksisins um einstaklinga sem eru á örorku og eru jafnframt með lögheimili í Reykjavík. Vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum tilgangi getur ekki átt sér stað nema hinn skráði einstaklingur gefi afdráttarlaust samþykki fyrir henni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. og 1. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.



Reginá Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri